

Tillaga RARIK að nýrri 4.gr. laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Í stað 4.gr. greinar komi ný 4.gr. svo hljóðandi:

4. gr.

*Framkvæmd.*

Dreifiveita sem starfar á dreifbýlisgjaldskrársvæði þar sem lækka á kostnað við dreifingu skal fá til umsýslu framlag í samræmi við innsendar upplýsingar um rekstur og þau viðmiðunarmörk sem ákvörðuð eru, sbr. 3. gr. Dreifiveita skal ákvarða gjaldskrár sína á grundvelli tekjumarka samkvæmt ákvörðun Orkustofnunar að frádregnum því fé sem, samkvæmt fjárlögum, skal ráðstafa til lækkunar kostnaðar við dreifingu raforku á viðkomandi dreifiveitugjaldskrársvæði.

Framlag það sem dreifiveita fær til lækkunar dreifingarkostnaðar notenda er ekki eign viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita hefur umsýslu með fénu og ber að nota framlagið til þess að lækka dreifingarkostnað notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði.